

**Nr. 18-023 S 013 Berti G ÍS 727****Vélarvana og dreginn til hafnar**

*Skipaskr.nr.*: 2544  
*Smíðaður*: Reykjavík 2002, plast  
*Útgerð*: Berti G ehf  
*Stærð*: 5,95 brl. 9,25 bt.  
*Mesta lengd*: 10 m *Skráð lengd*: 9,99 m  
*Breidd*: 2,99 m *Dýpt*: 1,13 m  
*Vél*: YANMAR, 323 kW, 2002  
*Fjöldi skipverja*: 2



Berti©Ingólfur Þorleifsson

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. febrúar 2018 var Berti G ÍS 727 á línuveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: Hægviðri

Á veiðunum varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Sigga Ljóna fylgdi Berta til hafnar á Suðureyri.

Daginn eftir voru einnig vandræði með vélbúnað og fengu skipverjar aftur aðstoð frá sama björgunarskipi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að báturinn var olíulaus í bæði skiptin;
- að bilun var í dælubúnaði á bryggjunni sem orsakaði að aðeins lítið magn dældist á tankinn og þá stoppaði byssan dælingu;
- að fram kom að skipverjarnir fylgdust ekki með því hvað fór á tankinn heldur töldu að olíutankurinn væri fullur þar sem dælan sló af sér;
- að olímælirinn í bátinum var bilaður.

**Nefndarálit:**

Orsök olíuleysisins er gáleysi skipstjóra.